

Viðmiðunarreglur um lokað prófkjör vegna sveitarstjórnarkosninga.

I. kafli.

Kjördagur.

- 1. gr.** Kjördæmaþing/fulltrúaráð/félagsfundur ákveður hvenær lokað prófkjör skuli fara fram.

II. kafli.

Kosningarréttur og kjörgengi.

- 2. gr.** Rétt til atkvæðagreiðslu í prófkjörinu eiga flokksbundnir framsóknarmenn sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu, þ.m.t. þeir sem skilað hafa inn inngöngubeiðnum í Framsóknarflokkinn 30 dögum fyrir prófkjördag.
- 3. gr.** Heimilt er að innheimta þátttökugjald til að standa straum af kostnaði við framkvæmd kosninga.
- 4. gr.** Frambjóðendur í prófkjörinu geta þeir einir orðið sem eru félagar í Framsóknarflokki og hafa kjörgengi til sveitarstjórnar, þ.m.t. þeir sem skilað hafa inn inngöngubeiðnum í Framsóknarflokkinn 30 dögum fyrir prófkjörüð og hafa náð 18 ára aldri á kjördag til sveitarstjórnar, samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár.

III. kafli.

Kjörskrá.

- 5. gr.** Skrifstofa Framsóknarflokksins gerir kjörskrá þar sem fram kemur nafn, kennitala og lögheimili.
- 6. gr.** Skrifstofa Framsóknarflokksins gerir skrá vegna prófkjörsins, með símanúmerum og mun afhenda frambjóðendum, sem þess óska, eitt eintak af henni í excel-formi. Afhending er gegn greiðslu á kostnaði við gerð skrár á hvern frambjóðanda.
- 7. gr.** Frambjóðanda er heimilt að senda framboðskynningu á sér á netfangaskrá Framsóknarflokksins í sveitarfélaginu í eitt skipti. SMS-sendingar eru heimilar í eitt skipti svo og afhending á límmiðasetti til útsendingar í eitt skipti.
- 8. gr.** Skrifstofa Framsóknarflokksins sér um útsendingu á netföng, á SMS-sendingum og afhendingu límmiðasetts gegn greiðslu á kostnaði.
- 9. gr.** Fylgt skal ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

IV. kafli.

Kjörstjórn.

- 10. gr.** Kjördæmaþing/fulltrúaráð/félagsfundur kýs 3, 5 eða 7 manna kjörstjórn.
- Kjósa skal formann sérstaklega. Kjörstjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti.
- Stjórn kjördæmasambands/stjórn fulltrúaráðs/stjórn félags setur kjörstjórn erindisbréf.
- 11. gr.** Kjörstjórn skal undirbúa og annast framkvæmd prófkjörsins.

Kjörstjórn skal halda gerðabók og bóka viðtöku framboða, afgreiðslu þeirra, útsendingu og viðtöku kjörseðla og bréfa, hvers konar úrskurði, talningu atkvæða, úrslit kosninga og annað þess háttar er máli skiptir við framkvæmd prófkjörsins.

V. kafli.

Framboð, framboðsfrestur, umboðsmenn og auglýsing.

12. gr. Kjörstjórn skal auglýsa eftir frambjóðendum til þátttöku í prófkjörinu.

13. gr. Framboðsfrestur skal vera minnst 7 sólarhringar.

14. gr. Framboðstilkynningu skal skilað til kjörstjórnar eigi síðar en kl. 12 á hádegisdegnum 15 dögum fyrir kjördag.

Í framboðstilkynningu skulu frambjóðendur gefa kost á sér í ákveðin sæti, eitt eða fleiri, þegar þeir tilkynna um framboð sitt.

Með framboðstilkynningu skal hver frambjóðandi skila að hámarki 400 orða texta á rafrænu formi þar sem frambjóðandi kynnir sjálfan sig og greinir frá helstu baráttumálum sínum, ásamt einni mynd af frambjóðanda á rafrænu formi sem er að lágmarki 1 MB (megabyte) að stærð.

Með framboðstilkynningu skal fylgja meðmælendalisti með að lágmarki 10 og að hámarki með 20 flokksbundnum Framsóknarmönnum.

15. gr. Kjörstjórn gefur út kynningarrit um frambjóðendur og skipuleggur kynningarfundir með frambjóðendum fyrir prófkjörið.

16. gr. Hverjum frambjóðanda er heimilt að skipa sér umboðsmann til þess að gæta réttar og hagsmuna framboðsins.

17. gr. Framboð er ekki endanlega staðfest fyrr en kjörstjórn hefur staðfest kjörgengi frambjóðanda, meðmælendalista og fyrir liggja staðfesting á skilum til Ríkisendurskoðunar í þeim tilfellum sem það á við.

Kjörstjórn hefur heimild til að hafna frambjóðanda ef gildar ástæður eru fyrir og skulu þær rökstuddar skriflega.

Kjörstjórn er jafnframt heimilt ef ástæða þykir til að bæta við frambjóðendum að fengnu samþykki þeirra.

18. gr. Frambjóðendur skulu reka áróður fyrir framboði sínu í eigin nafni, en ekki í nafni Framsóknarflokksins.

19. gr. Frambjóðendur bera einir ábyrgð á sinni kosningabaráttu. Þeim ber að gæta þess að þeir sjálfir, eða þeir sem starfa í þeirra umboði, gæti þess að hlíta í hvívetna landslögum sem og lögum og siðareglum Framsóknarflokksins.

20. gr. Frambjóðendur skulu undirrita yfirlýsingu þess efnis að þeir hafi kynnt sér þessar reglur og muni fara eftir þeim.

21. gr. Kjörstjórn skal birta tilkynningu um prófkjörið með viðeigandi hætti. Tilkynningu þessa skal birta með hæfilegum fyrirvara fyrir kjördag og utankjörfundaratkvæðagreiðslu.

VI. kafli.

Kjörgögn.

22. gr. Kjörstjórn skal láta prenta kjörseðla úr haldgóðum ógegnsæjum pappír.

23. gr. Á kjörseðlinum verða nöfn frambjóðenda ásamt stöðu eða starfsheiti og heimili ef nauðsyn þykir til auðkenningar.

Dregið skal um röðun frambjóðenda á kjörseðlinum.

VII. kafli.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar.

24. gr. Kjörstjórn auglýsir hvar og hvenær atkvæðagreiðsla utan kjörfundar getur farið fram.

Heimilt er að hafa kosningu utan kjörfundar í allt að þrjá daga fyrir kjörfund og í 1 til 4 klst. í senn.

25. gr. Kosning utan kjörfundar er því aðeins gild að notuð séu hin fyrirskipuðu kjörgögn.

26. gr. Kjósendur skulu framvísa persónuskilríkjum þegar kosið er.

27. gr. Kjósa skal um efsta eða efstu sætin í samræmi við ákvörðun kjördæmaþings/fulltrúaráðs/félagsfundar og merkja með tölustöfum við nöfn frambjóðenda og í þeirri röð sem þeir vilja að þeir taki sæti á framboðslistanum. Það er 1 við þann sem kjósandi vill að skipi efsta sæti, o.s.frv.

Þegar kjósandi hefur útfyllt seðilinn skal hann ganga frá seðlinum í kjörseðilsumslag sem merkt er ATKVÆÐASEÐILL og loka því.

Á sendiumslagið skal rita nafn kjósanda, kennitölu og lögheimili.

VIII. kafli.

Atkvæðagreiðsla á kjörfundi – kjördeildir.

28. gr. Kjörstjórn ákveður kjörstað og hvort verði fleiri en ein kjördeild, ef þurfa þykir.

29. gr. Kjósa skal um efsta eða efstu sætin í samræmi við ákvörðun kjördæmaþings/fulltrúaráðs/félagsfundar og merkja með tölustöfum við nöfn þeirra og í þeirri röð sem þeir vilja að frambjóðendur taki sæti á framboðslistanum. Það er 1 við þann sem kjósandi vill að skipi efsta sæti, o.s.frv.

30. gr. Kjörfundur hefst kl. 10.00 og líkur kl. 18.00. Kjörstjórn getur þó ákveðið að kjörfundur standi skemur.

Atkvæðagreiðslu má slíta ef allir þeir sem eru á kjörskrá hafa greitt atkvæði og ef öll kjörstjórnin og umboðsmenn eru sammála um það.

31. gr. Kosning skal vera leynileg.

32. gr. Kjósendur skulu framvísa persónuskilríkjum þegar kosið er.

33. gr. Vinnu starfsmanna í kjördeild er lokið þegar þeir hafa skilað kjörgögnum af sér til kjörstjórnar og kjörstjórn staðfest rétt uppgjör.

34. gr. Kjörstaður skal uppfylla skilyrði um aðgengi fyrir alla.

IX. kafli.

Atkvæðatalning og kosningaúrslit.

35. gr. Kjörstjórn annast talningu atkvæða á fyrirfram ákveðnum stað og stund, þegar allir kjörkassar og gögn, sem þeim eiga að fylgja, hafa borist í hendur kjörstjórnar.

36. gr. Umboðsmönnum frambjóðenda er heimilt að vera viðstaddir talninguna.

37. gr. Heimilt er að hefja flokkun atkvæða og undirbúa talningu þeirra fyrir luktum dyrum áður en kjörfundi lýkur.

38. gr. Við talningu atkvæða hlýtur sá fyrsta sæti sem fær flest atkvæði í fyrsta sætið. Sá hlýtur annað sætið sem hefur flest atkvæði í 1. og 2. sætið og sá þriðja sætið sem hlýtur flest atkvæði í 1., 2. og 3. sæti o.s.frv.

Hafi tveir eða fleiri hlotið jafnmörg atkvæði og geta ekki báðir eða allir náð kjöri ræður hlutkesti.

39. gr. Taki frambjóðandi ekki það sæti er hann hlýtur í prófkjörinu fellur það sæti til þess er hlýtur næstflest atkvæði í það sæti, sbr. 38. gr..

40. gr. Vinnu starfsmanna í talningu er lokið þegar kjörstjórn hefur staðfest úrslit og uppgjör.

41. gr. Sá sem er viðstaddur talningu getur ekki yfirgefið hana fyrr en talningu er lokið og úrslit tilkynnt.

42. gr. Ekki skulu vera fleiri en þrír af sama kyni í 5 efstu sætum framboðslistans.

43. gr. Frambjóðandi undirritar yfirlýsingu, fyrir atkvæðatalningu, um hvaða sæti hann taki hljóti hann ekki kosningu í það sæti sem hann sækist eftir.

44. gr. Frambjóðandi skal hafa svarað kjörstjórn innan 48 klst. frá því að úrslit eru kynnt, hvort hann tekur sæti á framboðslistanum.

X. kafli.

Kosningum frestað.

45. gr. Kjörstjórn er heimilt að fresta prófkjörinu ef veður eða náttúruhamfarir hamla.

XI. kafli.

Óleyfilegur kosningaráróður.

46. gr. Allur áróður frambjóðenda á kjörstað er bannaður sbr. ákvæði laga um kosningar og sem tilgreindar eru í erindisbréfi kjörstjórnar.

XII. kafli.

Kosningakærur.

47. gr. Frestur frambjóðenda til að gera athugasemdir eða krefjast endurtalningar atkvæða rennur út þremur sólarhringum eftir tilkynningu úrslita.

48. gr. Komi fram ágreiningur um framkvæmd eða tilhögun prófkjörsins skal gera það skriflega til kjörstjórnar. Úrskurði kjörstjórnar má skjóta til laganefndar Framsóknarflokksins og fara þau eins og lög Framsóknarflokksins kveða á um.

XIII. kafli.

Eyðing kjörgagna.

49. gr. Kjörstjórn skal sjá til þess að öllum kjörgögnum sé eytt þegar niðurstöður liggja fyrir, kærufrestur hefur runnið út og kjördæmaþingi/fulltrúaráðsfundi/félagsfundi er lokið.

XIV. kafli.

Kostnaður.

50. gr. Hámarks útlagður kostnaður hvers frambjóðanda vegna prófkjörsins má ekki fara umfram kostnaðartölu sem landsstjórn Framsóknarflokksins telur hæfilega, s.s. vegna auglýsinga frambjóðenda í ljósvakamiðlum, prentmiðlum og vefmiðlum.

Frambjóðendum ber að skila til skrifstofu Framsóknarflokksins fjárhagslegu uppgjöri innan 30 daga að loknu prófkjörinu. Skrifstofa Framsóknarflokksins skal skila uppgjörinu inn til Ríkisendurskoðunar.

51. gr. Í einu og öllu skal farið eftir lögum um fjármál stjórnmalaflokka nr. 162/2006.

XV. kafli.

Framboðslistinn.

52. gr. Kjörstjórn gerir tillögu um skipan framboðslistans í heild að öðru leyti til stjórnar kjördæmasambands/stjórnar fulltrúaráðs/stjórnar félags sem leggur hann fyrir kjördæmaþing/fulltrúaráð/félagsfund.